

Sp.

156. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1965.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Svo sem verið hefur á undanförunum þingum, gerir meiri hluti fjárveitinganefndar grein fyrir þeim tillögum, sem fluttar eru í umboði nefndarinnar í heild. Aðild okkar fulltrúa Framsóknarflokksins í nefndinni að þeim er með þeim hætti, að við höfum óbundnar hendur um fylgi við þær í heild og hverja einstaka þeirra og einnig rétt til að flytja við þær og fjárlagafrv. brtt. og fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Við munum þó ljá þeim flestum lið, þar sem þær eru fyrst og

fremst til leiðréttinga á röngum áætlunum og því til bóta, þó að víða hefði þurft að ganga lengra í þá átt að leiðrétta en gert var.

Það hefur áður verið vakin athygli á því, að tími sá, sem Alþingi hefur til fjárlagaafgreiðslunnar, er of skammur. Þetta er mjög greinilegt nú, þar sem 2. umræða fjárlagafrv. fer fram 14. des., og þá biður afgreiðslu við 3. umræðu endurskoðun á tekjuáætlun og stórir útgjaldaliðir, eins og hluti af niðurgreiðslu, framlag til nýrra skólabygginga og fleiri fjárfrekir málaflokkar.

Hér verður að ráða bót á. Alþingi verður að gefa sér eðlilega langan tíma til fjárlagaafgreiðslunnar og vanda hana að jafnaði sem bezt. Hér skal tekið fram, að störfum fjárveitinganefndar er ekki um að kenna, hvað fjárlagafrv. er seint á ferð, heldur afgreiðslu hjá ríkisstjórninni á hinum stærri málum, er á hennar valdi er að leysa.

Í nefndaráli okkar um fjárlagafrv. undanfarin ár höfum við leitt rök að því, hvað verðbólguþefna núverandi valdhafa hefur gagnsýrt allt þjóðlífið og eyðslan og útþenslan er alls ráðandi í ríkisrekstrinum. Þetta hefur þó aldrei komið jafngreinilega fram sem nú, og skulu hér sýnd örfá dæmi því til sönnunar.

Samkvæmt ríkisreikningi 1958 voru útgjöld samkv. 10. gr., þ. e. til ríkisstjórnar, ráðuneytanna og utanríkisþjónustunnar, alls 27 millj. kr., en samkv. fjárlagafrv. 1965 74 millj. kr., hækkun um 47 millj. kr. eða um 174%.

Kostnaður við innheimtu skatta og tolla var árið 1958 23 millj. kr., en er áætl-
aður árið 1965 61 millj. kr. og verður samkv. fyrri reynslu til muna hærri, hækkar um 40 millj. kr. eða 165%.

Skatt- og tollheimta til ríkissjóðs var árið 1958 687 millj. kr., en verður árið 1965 um 3000 millj. kr., þegar skattar samkv. vegáætlun eru teknir með og þær hækkanir, sem eftir eiga að verða á tekjuáætlun fjárlagafrv. Hækkun er um 2300 millj. kr. eða 336%.

Afleiðingin af þessari skattastefnu ríkisstjórnarinnar er sú, að skattgreiðendur flytja nú að verulegu leyti kvittanir fyrir opinberum gjöldum heim til sín í stað launanna við hverja útborgun launa.

Þessi örfáu dæmi verða látin nægja að sinni til þess að sýna, hvert Viðreisn hefur leitt. Við viljum aðeins undirstrika það, að sparnaður er fjarri staðreyndum í framkvæmd stjórnarstefnunnar þrátt fyrir fyrirheit og tal um hagsýslu, sem kostar nokkra fjármuni, en kemur ekki í ljós í öðru. Nýtt dæmi um útþensluna í ríkisrekstrinum er kostnaður, sem nemur $\frac{1}{2}$ millj. kr., við nýstofnað prestsembætti úti í Kaupmannahöfn, sem var ekki vitað um sem væntanlega framkvæmd eða talið með brýnustu verkefnum þjóðarinnar að stofna til, svo sem þó hefur verið gert.

Eins og fyrri fjárlög núverandi ríkisstjórnar munu fjárlögin fyrir árið 1965 ekki sýna rétta mynd af fjárförf hinna ýmsu stofnana. Má þar til nefna Skipa-
útgerð ríkisins, sem vanta mun einhverjar milljónir í rekstur sinn. Er hér að vísu ekki neitt nýtt á ferðum, þar sem þessi saga hefur endurtekið sig öll valdaár núverandi ríkisstjórnar, svo sem ríkisreikningar sanna. Ekki getur farið hjá því, að áætlanir, sem eru langt frá veruleikanum, hljóta að hafa lamandi áhrif á reksturinn, þó að greitt sé að lokum. Hitt er þó öllu alvarlegra, að skipastóll útgerðarinnar eldist og skipin verða þar af leiðandi að fara í dýrar flokkunarviðgerðir, og eru þar að auki ekki að kröfu tímans, og virðist okkur óumflýjanlegt að taka það mál til athugunar, áður en það er um seinan.

Við minnum einnig á, að Þjóðleikhúsið hefur í smíðum hús og er búið að verja verulegri fjárhæð til þeirrar byggingar, en vegna fjárskorts er byggingin hálfgerð, ónothæf og öllum til leiðinda. Fjármagnið ávaxtar sig ekki, og rekstur Þjóðleikhússins verður bæði erfiðari og dýrari vegna þessa framkvæmdaleysis, en þó mun hér um tiltölulega litla fjárhæð að ræða.

Svipaða sögu er að segja frá Vífilstaðahæli. Tiltölulega litla fjárhæð þarf til að gera óumflýjanlegar endurbætur á hælínu, en hún mun ekki fást að þessu sinni, þó að fjárlögin verði hátt á fjórða milljarð.

Um fátt er meira rætt og ritað manna á meðal og í blöðum en nauðsyn almennrar menntunar og að taka beri tækni og vísindi í þjónustu atvinnuveganna. Meira þarf til en umtalið eitt, til þess að svo verði gert, og ekki virðist þetta fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar bera það með sér, að hún sé boðberi þessarar stefnu. Að vísu liggur ekki fyrir enn þá, hvernig tekið verður á skólabyggingunum við fjárlagaafgreiðslu með fjárveitingu til nýrra skóla, en ljóst er þó, að þær tölur, sem eru í fjárlagafrv., munu þar lítt duga.

Við munum með tillögum okkar reyna nokkuð á vilja þingmanna um stuðning við þessi mál, sem við teljum þjóðinni nauðsyn að tileinka sér svo sem aðrar menningar- og framfarasinnaðar þjóðir. Þá munum við einnig í tillögugerð okkar leggja til, að aukin verði fjárveiting til ýmissa framfaramála þjóðarinnar, svo sem samgangna, raforkumála, hafna og jafnvægmála. Munum við nú gera grein fyrir tillögum þeim, er við flytjum á sérstöku þingskjali. En við viljum taka það fram fyrst, að þar sem meiri hluti fjárveitinganefndar gerir ekki tillögur um breytingar á tekjuáætluninni og afgreiðir fjárlagafrv. með tekjuhalla til 3. umræðu, munum við ekki heldur gera tillögur til breytinga á tekjuáætluninni við 2. umræðu, heldur geyma það til 3. umræðu, enda ljóst þá, hvaða afgreiðslu tillögur okkar fá hjá alþingismönnum.

Um brtt. við 13. gr.

Við 13. grein fjárlagafrv. flytjum við tvær breytingartillögur. Sú fyrri er, að framlag til vegamála hækki um 60 millj. kr.

Þegar frv. um vegamál var á sínum tíma flutt af nokkrum þingmönnum Framsóknarflokksins, var gert ráð fyrir því, að viðhald þjóðvega, stjórn þeirra og áhaldakaup o. fl. yrði áfram á fjárlögum og fjárveiting þeirra ákveðin þar án tillits til tekna vegasjóðsins, en verkefni hans yrði nýbygging vega og brúa. Stefna sú, sem tekin var við afgreiðslu vegalaganna, mun koma framkvæmd í vega-, brúa- og gatnagerð í verulegan vanda fyrir eða síðar, þar sem viðhald þjóðvega kallar á aukid fé og annar kostnaður, svo sem mannahald, húsagerðir og áhaldakaup, fer vaxandi, og ef eitthvað á að gera í því að gera vegi úr varanlegu efni, kostar það einnig stórar fjárhæðir. Allt þetta ásamt vaxandi dýrtíð mun gera það að verkum, að með óbreyttu ríkissjóðsframlagi verður lítið eftir til framkvæmda í landsbrautum og þjóðbrautum. Þess vegna verður nú þegar í upphafi að gera sér grein fyrir, að hverju stefnir, og koma í veg fyrir alvarlega kyrrstöðu. Við viljum líka með þessari tillögu okkar undirstrika, að allir sérskattar af bifreiðum, svo sem leyfisgjöldin, eiga að ganga til vegamála, enda er hlutur ríkissjóðs í tekjum af umferðinni orðinn það mikill, að ofrausn er að bæta leyfisgjöldum við. Þar sem tekjur hans af henni voru 557.2 millj. kr. árið 1963 og verða mun meiri 1965, verður að telja stillt í hóf, þó að 320 millj. kr. gangi til vegagerðar af 700—750 millj. kr. tekjum, eins og þær koma til með að verða 1965 samkvæmt tekjum árið 1963.

Þá leggjum við til, að hækkað verði framlag til hafnargerða, þ. e. til þeirra hafna, sem eiga inni hjá ríkissjóði vegna framkvæmda fyrri ára. Framlagið hækki um 10 millj. kr. og verði skipt eftir sömu reglu og verið hefur. Ljóst er, að verði hafnarframkvæmdir svipaðar á næsta ári og þær voru yfirstandandi ár, munu skuldir ríkissjóðs við hafnirnar vaxa aftur frá því, sem þær verða nú í árslok. Þetta verður að koma í veg fyrir.

Um brtt. við 14. gr.

Við gerum tillögu um, að mætt verði ósk stúdenta um fjárveitingu til endurbóta á stúdentagörðunum og til að koma sér upp nýju félagsheimili. Hér er um litlar fjárhæðir að ræða, um 3 millj. kr. Þetta er mál, sem Alþingi ber að sinna og það án tafar.

Við flytjum einnig tillögu um að tvöfalda framlag til íþróttasjóðs. Þörf hefði verið að hafa þessa fjárhæð nokkru hærri, en fara verður í áföngum að því marki, sem að er stefnt, þ. e. að gera sjóðinn hæfan til að sinna hlutverki sínu.

Um brtt. við 16. gr.

Við flytjum nokkrar brtt. við 16. gr. fjárlagafrumvarpsins. Hin fyrsta er að hækka lítið eitt framlag til Búnaðarfélagsins vegna aukins rekstrarkostnaðar samkv. rekstraráætlun stofnunarinnar.

Þá leggjum við til að hækka framlagið til að styðja ræktunarsamböndin við kaup á jarðræktarvélum, og mun sú fjárveiting verða til að bæta úr brýnustu nauðsyn, þ. e. að greiða áfallnar kröfur þar að lútandi.

Einnig gerum við tillögu um að hækka fjárveitingu til fiskileitar, sildarrannsóknna og veiðitilrauna um 4 millj. kr. Er þar tekið undir beiðni, er forráðamenn leitarinnar hafa borið fram.

Við höfum gert að tillögu okkar tillögu raforkumálastjóra um fjárveitingu til jarðhitasjóðs. Meðal dýrmætari náttúruauðæfa okkar lands er jarðhitinn. Mikil rannsóknar- og könnunarstörf eru þar óunnin. Tillaga okkar stefnir að því að hraða þeim verkum, þótt of lítið sé þar að gert.

Við höfum flutt þingsályktunartillögu um að hraða raforkuframkvæmdum í landinu. Fjárveiting til raforkusjóðs hefur staðið óbreytt síðan 1959, en þá var hún lækkuð. Við leggjum til að tvöfalda upphæðina nú, því að ekki mun af veita, til þess að því marki verði náð, að lokið verði raflýsingu á alla bæi, er rafmagn fá frá samveitunni, 1968, eins og tillaga okkar gerir ráð fyrir.

Þá höfum við tekið upp tillögur þær, sem deildarstjórar og forstöðumenn Atvinnudeildar háskólans og rannsóknaráð ríkisins gerðu til breytinga á fjárlagafrv. Hér er um litla fjárhæð að ræða, aðeins 3—4 millj. kr. En miklu gætu þessar krónur skilað þjóðinni aftur, þar sem þær eiga m. a. að ganga til hagnýtra jarðfræðirannsóknna, sjálfstæðra byggingarrannsóknna og til að koma á fót vísi að tækni- og vísindalegri upplýsingaþjónustu. Í þessum störfum eigum við, sem víðast hvar annars staðar, á að skipa áhugasömum og efnilegum mönnum, sem við eigum að styðja í því að verða með þekkingu sinni og manndómi þjóðinni að sem mestu liði.

Þá gerum við og tillögu um, að liður sá, sem um var samið s. l. sumar í sambandi við verðlagsmál bænda, hækki úr 5 millj. kr. í 15 millj. kr. Í ljós hefur komið við athugun, að erfitt mun reynast að skipta þessari fjárhæð vegna þess, hvað fjárhæðin er lág, en þörfin brýn. Ekkert brýtur það í bága við samkomulagið frá því í sumar, þó að Alþingi ákveði að leggja þessu máli lið.

Um brtt. við 17. gr.

Þar leggjum við til að hækka framlagið til atvinnubótasjóðs í 25 millj. kr. Eins og nú er, er sjóðurinn fjárvana, en hins vegar mikið til hans leitað um aðstoð.

Framsóknarmenn hafa lagt fram á Alþingi frv. um jafnvægisjóð. Þeim sjóði eru í frv. ætlaðar nokkuð riflegar tekjur. Meðan það frv. verður ekki að lögum, verður að styðja atvinnubótasjóð til að sinna að nokkru þeim verkefnum, sem jafnvægisjóði eru ætluð. Ekki orkar það tvímælis, að mikið verkefni gæti jafnvægisjóðurinn leyst af hendi í einu af okkar stærstu þjóðfélagsvandamálum, jafnvægi í byggð landsins, ef það lagafrv. fengi náð fyrir augum meiri hluta alþingismanna.

Um brtt. við 20. gr.

Við gerum nokkrar brtt. við 20. gr. fjárlagafrv. Eru þær þessar:

Lagt er til að taka upp í fjárlög tillögu deildarstjóra jarðeignadeildarinnar um, að fjárveiting til bygginga á jörðum ríkisins verði 4 millj. kr. Þörfin fyrir þessa fjárveitingu er alþingismönnum kunn og að allra vitorði mjög brýn.

Gerð er tillaga um, að fjárveiting til nýrra flugvalla hækki um 10 millj. kr. Mörg verkefni bíða úrlausnar, fjárins er sannarlega þörf. Sama er að segja um litla fjárlagahækkun vegna sjúkraflygvalla.

Aður höfum við flutt tillögu um framlag til að byggja fiskirannsóknaskip. Of hægt miðar þeirri nauðsynlegu framkvæmd áfram. Gerð er hér tilraun til að hraða henni lítið eitt.

Íþróttakennaraskóli Íslands hefur starfað að Laugarvatni um langt árabil. Hann hefur leyst af hendi mikið og gott starf. Hefur honum tekizt vel fyrir starfsemi nemenda sinna og velunnara að líkamsrækt að hjálpa þjóðinni til að komast yfir þá erfiðleika, sem voru því samfara að hverfa frá dreifbýli til þéttbýlis. Skóli þessi á ekki þak yfir höfuð sér nema að takmörkuðu leyti. Á yfirstandandi ári fékk hann leyfi til að hefja byggingarframkvæmdir með lítilli fjárveitingu. Hér er tekið undir fjárbeiðni skólastjóra og skólanefndarformanns og að því stefnt með tillögunni að gera hús íþróttaskólans fokhelt á árinu 1965.

Einnig tökum við undir beiðni veðurstofustjóra um fjárveitingu til að hefja byggingu yfir stofnunina, svo sem hann hefur sannað með rökum að brýna þörf beri til.

Þá gerum við tillögu um, að tekinn verði upp nýr liður: 8 millj. kr. verði varið til að halda áfram að byggja upp og greiða áfallnar skuldir á húsi búnaðardeildar Atvinnudeildar háskólans á Keldnaholti. Þessar framkvæmdir munu kosta um 13 millj. kr. nú. Með öllu er óforsvaranlegt að láta slíka fjármuni ónotaða, og brýn nauðsyn knýr á að koma húsinu í þau not, sem að var stefnt, þegar ákvörðun var tekin um að reisa byggingu þessa.

Engu getur það breytt, þó að mönnum hafi sýnt sitt hverjum um staðsetningu hússins í upphafi. Það mál var afráðið í eitt skipti fyrir öll, þegar verkið var hafið. Úr fjárþörf byggingarinnar verður að leysa, svo að verkinu geti orðið haldið áfram. Allt annað er óforsvaranlegt.

Um brtt. við 22. gr.

Þá leggjum við til, að inn á 22. grein fjárlagafrv. verði teknir nokkrir nýir liðir.

Lagt er til, að ríkisstjórninni sé heimilt að bæta úr fjárhagserfiðleikum félagsheimilaskjóðs, sem er fjárvana og á þar af leiðandi ógreiddar til félagsheimilanna stórar fjárhæðir. Ekki þarf orðum að því að eyða, hvaða erfiðleikum þetta veldur þeim, sem klifa þritugan hamarinn við að reisa félagsheimili. Hér verður úr að bæta. Vegna þess er þessi tillaga flutt.

Þá leggjum við til, að upp verði tekin ábyrgðarheimild vegna bygginga og endurbóta á sildarverksmiðjum, umhleðslustöðvum og til sildarflutninga. Óþarft er að rökstyðja þessa tillögu.

Sömuleiðis leggjum við til, að lánsheimild verði veitt til kaupa íveggja sildarleitarskipa. Kunnara er það en frá þurfi að segja, hvað sildin er mikill þáttur í okkar atvinnulífi, og það er einnig kunnugt, að við eigum á að skipa hinum færustu vísindamönnum á þessu sviði. Það á að vera okkur metnaður að eignast hin fullkomnustu tæki vegna vísindalegs stuðnings við þessa atvinnugrein. Þess vegna er tillaga þessi flutt.

Þá leggjum við til, að varið verði allt að 20 millj. kr. af greiðsluafgangi fyrri ára til að styrkja nýja sildarvinnslu og markaðsleit í því sambandi. Kapp eigum við að leggja á það að gera útflutningshráefni okkar sem verðmætust með því að vinna úr þeim hér heima fyrir. Það getur kostað mikið fjármagn að koma á fót slíku fyrirtæki og koma vörunni á markaðinn. Þessari tillögu er ætlað að létta þann róður.

Þó að við gerum ekki tillögur um meiri breytingar á fjárlagafrv., er það ekki af því, að okkur sé ekki ljós þörfin á þeim, svo sem að framlag til aflatryggingaskjóðs verði hækkað, heldur af hinu, að við treystum því, að t. d. svo augljós leiðrétting verði gerð af meiri hlutanum fyrir 3. umræðu.

Í nefndaráliti okkar hér að framan höfum við gert grein fyrir tillögum okkar og með rökum sýnt fram á réttmæti þeirra. Við flytjum ekki tillögur um lækkun á útgjaldaliðum fjárlaga, teljum, að stefnubreyting þurfi að eiga sér stað hjá meiri hluta alþingismanna, svo að slíkar tillögur hafi hljómgrunn. Við höfum líka lýst lauslega, hvernig stjórnarstefnan, Viðreisn, speglast í fjárlagafrv. Einkennin eru: verðbólga, skattþening og eyðsla. Ekki verður heldur sagt, að reisin sé yfir fjárlaga-

afgreiðslu, eins og hún er við 2. umræðu málsins, þar sem botninn fyrirfinnst enginn.

Enda þótt frá fjárlagafrumvarpinu sé nú þannig gengið, að það sýni greiðsluhalla, er okkur ljóst, að úr því verður bætt, og möguleikar til að brúa bilið eru fyrir hendi og verða að vera það. Að afgreiða fjárlög með greiðsluhalla kemur ekki til mála í slíku góðæri sem nú er til lands og sjávar vegna metafla og hagstæðrar tíðar til landsins. Með þeirri skattastefnu, sem ríkisstjórnin fylgir, er auðvelt að draga mikið fé í ríkissjóð, enda er það óspart gert, svo sem augljóst er. Hins vegar verður það takmark ríkisstjórnarinnar sem fyrr að draga þangað meira fé en þörf er á, þó að það leggi meiri álogur á þjóðina en gjaldgeta almennings leyfir. Að því mun ríkisstjórnin keppa við lokaafgreiðslu fjárlaganna nú sem fyrr. Á þann hátt mun henni takast að tryggja vöxt verðbólgunnar til hagsbóta fyrir þá, er fjármagnið hafa í sinni þjónustu. Þá virðist stjórnarstefnunni fullnægt.

Alþingi, 12. des. 1964.

Halldór E. Sigurðsson, Halldór Ásgrímsson. Ingvar Gíslason.
frsm.